Aiman Muhammad Rabi Al-Zawahiri. Fæddur 19. júní 1951 í Giza, Egyptalandi. Talinn vera egypskur ríkisborgari. Fyrrverandi foringi í Egyptian Islamic Jihad, nú í nánum tengslum við UBL;

Sa´d Al-Sharif. Fæddur í Saudi Arabíu í kringum 1969. Mágur og náinn samstarfsmaður UBL. Talinn hafa yfirumsjón með fjármálum samtaka UBL;

Saif Al-´Adil. Fæddur í Egyptalandi um 1963. Talinn vera egypskur ríkisborgari. Ábyrgur fyrir öryggi UBL;

Amin Al-Haq, einnig þekktur sem Muhammad Amin. Fæddur um 1960 í Nangahar í Afganistan. Afganskur ríkisborgari. Samhæfir öryggismál UBL;

Ahmad Sa´id Al-Kadr, einnig þekktur sem Abu Abd Al-Rahman Al-Kanadi. Fæddur 1. mars 1948 í Kairó, Egyptalandi. Talinn vera egypskur og kanadískur ríkisborgari;

Zain Al-Abidin Muhahhad Husain, einnig þekktur sem Abu Zubaida og Abd Al-Hadi Al-Wahab. Fæddur 12. mars 1971 í Riyadh, Saudi Arabíu. Talinn vera ríkisborgari Saudi Arabíu, Palestínu og Jórdaníu. Náinn samstarfsmaður UBL, skipuleggur ferðir hryðjuverkamanna;

Saqar Al-Jadawi. Fæddur um 1968. Talinn vera ríkisborgari Jemen eða Saudi Arabíu. Aðstoðarmaður UBL;

Bilal Bin Marwan. Fæddur um 1947. Háttsettur liðsforingi UBL.

II. Fyrirtæki og stofnanir:

Ariana Afghan Airlines (áður BakhtarAfghan Airlines), Afghan Authority Building, P.O. Box 76, Ansari Watt, Kabul, Afghanistan og aðrar skrifstofur þess flugfélags;

Banke Millie Afghan (einnig þekkt sem Afghan National Bank; Bank E. Millie Afghan), Jada Ibn Sina, Kabul, Afghanistan, og aðrar skrifstofur þess banka;

Da Afghanistan Bank (einnig þekkt sem Bank of Afghanistan; Central Bank of Afghanistan, The Afghan State Bank), Ibni Sina Wat, Kabul, Afghanistan, og aðrar skrifstofur þess banka;

Bankareikningur Ariana Afghan Airilines hjá Citibank, New Delhi, Indlandi;

Bankareikningur Ariana Afghan Airlines hjá Punjab National Bank, New Delhi, Indlandi;

De Afghanistan Momtaz Bank;

Agricultural Development Bank of Afghanistan (ADB), Bretlandi.

Nr. 777 16. október 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum.

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, 2. mgr. er hljóðar svo:

Fjöldi vetrarfóðraðra kinda á hvert ærgildi greiðslumarks skv. b-lið 1. mgr. skal taka breytingum ár hvert í samræmi við breytingar á sölu kindakjöts á innlendum markaði reiknað frá 7000 tonna árlegri sölu. Hlutfall þetta skal landbúnaðarráðherra auglýsa eigi síðar en 1. nóvember ár hvert fyrir næstkomandi almanaksár og skal hlutfallið miðað við sölu á kindakjöti á síðastliðnu almanaksári áður en auglýsing er birt.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. október 2001.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

30. september 2001 Nr. 778

REGLUR

um farandsölu í Siglufirði.

1. gr.

Öllum er heimilt að stunda farandsölu í Siglufirði, enda fullnægi þeir skilyrðum laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu til að stunda slíka starfsemi og þeim skilyrðum sem sett eru í reglum þessum.

2. gr.

Aðili sem vill stunda farandsölu í Siglufirði, skal tilkynna til sveitarfélagsins um komu sína með sannanlegum hætti með minnst 2ja vikna fyrirvara. Í tilkynningunni skal koma fram:

- Nafn, kennitala og vsk númer rekstraraðila.
- Hvaða vörur viðkomandi hyggst selja.
- Hvar í sveitarfélaginu salan muni eiga sér stað.
- Hvenær aðili hyggst halda úti versluninni.

Með tilkynningunni skulu fylgja öll nauðsynleg gögn, þar á meðal staðfesting á skráningu rekstraraðila í firma- eða hlutafélagaskrá, eintak nafnspjalds skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 28/1998 og upplýsingar um fasta starfsstöð og prókúruhafa. Sveitarstjórn getur látið stöðva farandsölu, komi í ljós að upplýsingar um rekstraraðila standast ekki eða ranglega hefur verið greint frá því við tilkynningu, hvaða vörur selja á.

3. gr.

Haldin skal skrá yfir þá aðila sem tilkynnt hafa komu sína með farandsölu. Skráin skal vera opinber og liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins.

4. gr.

Sveitarfélagi er heimilt að synja aðila um leyfi til að stunda farandsölu á ákveðnum almennt viðurkenndum hátíðisdögum, s.s. frídegi verslunarmanna og helstu hátíðisdögum þjóðkirkjunnar. Synjunin skal vera skrifleg og rökstudd.